

Bruna- og rýmingaráætlun

LEIKSKÓLINN UNDRALAND



Brúna- og rýmingaráætlun Undralands

Stjórnendur

Í öllum leikskólum á að vera viðurkennt brunaviðvörunarkerfi, útljós og neyðarlýsing.

Flóttaleiðir skulu vera tvær í gagnstæðar áttir og björgunarop á hverri stofu skólans.

Nafnalisti með nöfnum barna og starfsmanna, skal hanga við útgöngudyr og starfsmaður sem fer síðast út tekur listann með sér. Sami listi er fyrir Hof. Þegar nafnakall hefur verið gert í hvorum hópi eru listar bornir saman og brugðist við ef þurfa þykir.

Ef brunaviðvörunarkerfi gefur viðvörun skal unnið eftir eftirfarandi rýmingaráætlun.

1. Skólastjóri eða staðgengill hans eru umsjónarmenn rýmingar og fara að stjórnstöflu brunaviðvörunarkerfis og aðgætir hvaðan brunaboði kemur.
2. Starfsfólk undirbýr rýmingu deildarinnar. Nemendur mynda röð og er starfsmaður fremst og aftast í röðinni. . Börn eða fullorðnir skulu EKKI fara í yfirhafnir, heldur taka þær með, sé ástæða eða tóm til. Deildarstjórar bera ábyrgð á rýmingu sinna deilda.
3. Skólastjórnendur hafa samband við öryggismiðstöð sé ekki eldur sjáanlegur eða slökkviliðið **1 1 2**. Tilkynna um eld eða gefa skýringar á brunaboðinu. Skólastjórnendur taka með sér morgunfundabók. Starfsfólk rýmir leikskólann, fer á söfnunarsvæði. Hver deild tekur sinn nafnalista.
4. Þegar komið er á söfnunarsvæðið hefur hver hópur sitt afmarkaða svæði. Kennarar fara yfir nafnalista og aðgæta hvort allir hafa komist út. Ef allir eru komnir út réttir deildarstjóri upp græna spjaldið, ef einhvern vantar þá réttir hann upp það rauða. Ef einhvern vantar skal tilkynna stjórnendum um það.
5. Deildarstjóri hvernar deildar fær upplýsingar hve margir nemendur/starfsmenn hafa ekki skilað sér með hópnum út og ef mögulegt er hvar þeir sáust síðast. Deildarstjóri kemur upplýsingum til skólastjóra. Einnig þarf að hafa í huga ef nemendahópar eru annars staðar en í húsinæði leikskólans.
6. Slökkviliðið kemur á staðinn, skólastjórnendur gefa stjórnanda slökkviliðs upplýsingar um hvort einhverjir og þá hversu margir hafi orðið eftir inni og hugsanlega staðsetningu þeirra.
7. Farið með nemendur og starfsfólk af svæðinu í Flúðaskóla.
8. Hafa samband við foreldra/forráðamenn barna til að tryggja að upplýsingar um atburð berist eftir réttum leiðum.



9. Leikskólastjóri metur hvort leita þarf eftir aðstoð utanaðkomandi til að veita börnum, starfsfólki og/eða foreldrum sálrænan stuðning eða áfallahjálp
10. Við náttúruhamfarir gildir sama rýmingaráætlun.

Rýmingaráætlun Undralands

Deildir

1. Starfsmaður velur flóttaleið – oftast leið út í garð
2. Allar deildir safnast saman á sínu söfnunarsvæði.
3. Grænhóll hjá dekkjarólunum
Börn inn á Stekkhól hjá útikofanum
Börn inn á Völuhól hjá kastalanum
4. Starfsfólk deilda hafa með sér nafnalista og merkja við.
5. Skólastjóri tekur dagbók og skannar alrými.
6. Rýming Undralands taki um 3 mín.
7. Deildarstjóri hvernar deildar kannar hvort einhver sé inni á deild og fer síðastur út.
8. Þegar komið er út velja skólastjórnendur leið út úr garði.

Flóttaleiðir

Börn og starfsmenn inn á **Völuhól** fara eftir atvikum út um neyðarhurð eða stóra gluggann inn á **Litla Skógi** og fer síðan á söfnunarstað sinn við kastalann.

Börn og starfsmenn inn á **Stekkhól** fara eftir atvikum út um neyðarhurð eða stóra gluggann á **Vinakoti** og fer síðan á söfnunarstað sinn við útikofann.

Grænhóll fer eftir atvikum út um neyðarhurðir eða stóra gluggann inn á **Litla Koti** og fer síðan á söfnunarstað sinn við dekkjarólurnar.

Minnisatriði:

Sá sem síðastur fer út úr hverri stofu skal loka öllum dyrum á eftir sér til að draga úr reykflæði um bygginguna og hindra útbreiðslu elds og reyks eins og hægt er. Við náttúruhamfarir gildir sama rýmingaráætlun.



Starfsmaður eldhús

1. Starfsmaður eldhúss kannar hvort einhver sé í eldhúsi, kaffistofu, Hamarsholti, salerni starfsmanna og inngang og velur sér flóttaleið.
2. Kemur á söfnunarstað og aðstoðar.

Leiðbeiningar fyrir starfsfólk

Stöðugur hljómur brunavarnarbjöllu er merki um að yfirgefa húsið.

Allir starfsmenn aðstoða við að rýma leikskólann.

1. Rýming fer samkvæmt flóttaleiðum.
2. Allir safnast saman á sínum söfnunarstað.
3. Þegar talning hefur farið fram má leita skjóls í Flúðaskóla
4. Æfing skal fara fram í síðustu vikunni í september.

Mikilvægt er að starfsfólk:

- a. Kynni sér þessa áætlun.
- b. Allir læri sitt hlutverk.
- c. Aðstoði við framkvæmd áætlunar.

Myndir af söfnunarstöðum



Söfnunarstaður barna
og starfsfólks á Völuhól



Söfnunarstaður barna og
starfsfólks á Stekkhól



Söfnunarstaður Grænhóls